

1874.

27. febrúar.

15. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um borgun kornláns.

Eptir að hingað hafði borizt bréf yðar, herra landshöfðingi, dagsett 25. nóvbrm. f. á., hefir hans hátign konunginum, samkvæmt þegnlegum tillögum dómsmálastjórnarinnar, þóknazt 24. þ. m. allramildilegast að fallast á, að veita megi nokkrum hreppum í vesturumdæmi Íslands, sem eru Ytri-Neshreppur, Innri-Neshreppur, Eyrarsveit og Breiðuvíkurhreppur, undanþágu undan því, að borga nokkuð upp í kornlán það, sem þeim var veitt árið 1860 úr hinum íslenzka styrktarsjóði, um 2 ár frá 1. janúar 1874, en þá skal greiða 4 af hundradi í leigu.

Þetta gefst yður, herra landshöfðingi, til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtíð það.

27. febrúar.

16. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um sending gullpeninga til Íslands.

Samkvæmt tilmælum fjárhagsstjórnarinnar mælumst vèr til, að þér, herra landshöfðingi, hlutist til um, að landfógetinn á Íslandi taki í jarðabókarsjóðinn fyrir hönd aðalféhirzlunnar 10000 rd. í gullpeningum, sem sendir verða til Íslands með póstskipinu Díönu, sem nú á að leggja af stað; er helmingurinn í tuttugukróna-peningum, en hinn helmingurinn í tíukróna-peningum.

27. febrúar.

17. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um skýrslur frá embættismönnum.

Með bræfi þessu sendum vèr yður, herra landshöfðingi, tvö bréf, annað frá bæjarfógetanum í Reykjavík og hitt frá sýslumanninum í Norðurmúlasýslu, og skýrslur, sem bræfunum fylgdu,